LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Sérfræðingur í viðskiptagreind

Landspítali óskar eftir að ráða öflugan sérfræðing til starfa við viðskiptagreind (Business Intelligence), uppbyggingu og rekstur vöruhúss gagna.

Á Heilbrigðis- og upplýsingatæknideild fer fram mikil uppbygging á sviði vöruhúss gagna. Aukin og markviss notkun viðskiptagreindar er einn lykilþátturinn í að greina betur starfsemi stofnunarinnar með tilliti til bættrar þjónustu og hagræðingar í rekstri.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Þróun, uppbygging og rekstur vöruhúss gagna
- Hönnun gagnaflutnings- og hreinsunarferla
- Meðhöndlun og uppbygging stofngagna
- Greining og ráðgjöf á þörfum LSH með tilliti til viðskiptagreindar
- Umsjón með innleiðingu og uppsetningu viðskiptagreindarumhverfa

### Hæfnikröfur

- Háskólapróf í tölvunarfræði eða sambærileg menntun
- Þekking og reynsla af gagnasafnsvinnslu
- Öguð og sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af hópvinnu og verkefnastjórn

## Hugbúnaðarsérfræðingur

Landspítali óskar eftir að ráða öflugan hugbúnaðarsérfræðing til starfa við umsjón og rekstur hugbúnaðarkerfa.

Heilbrigðis- og upplýsingatæknideild Landspíta og sér um rekstur fjölda hugbúnaðarkerfa og er meginhluti þeirra á sviði rafrænnar sjúkraskrár. Auk þess fer fram á vegum deildarinnar umfangsmikil þróun og samþætting kerfa.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Hafa umsjón með og bera ábyrgð á rekstri upplýsingakerfa
- Undirbúa uppsetningu á nýjum útgáfum og skipuleggja innleiðingu þeirra
- Þjónusta, upplýsingagjöf og ráðgjöf til notenda
- Greining á þörfum notenda og þátttaka í verkefnum
- Verkefnastjórn og samskipti við birgja

### Hæfnikröfur

- Háskólapróf í tölvunarfræði, eða sambærileg menntun
- Þekking og reynsla af gagnasafnsvinnslu og forritun
- Öguð og sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af hópvinnu og verkefnastjórn

Í boði eru fjölbreytt og spennandi verkefni hjá traustri stofnun með umfangsmikinn upplýsingatæknirekstur. Gott starfsumhverfi, spennandi verkefni auk virkrar endurmenntunar og möguleikum á starfsþróun.

### Nánari upplýsingar

Umsóknarfrestur er til og með 05.05.2010. Sótt er um rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is þar sem finna má nánari upplýsingar um störfin.
Starfshlutfall er 100% og veitast störfin 1. júní 2010 eða eftir samkomulagi.
Upplýsingar veitir Hannes Þ. Bjarnason, deildarstjóri kerfislausna, netfang hannesb@landspitali.is, sími 543 5391.
Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast til Hannesar, LSH kerfislausnir, Birkiborg Fossvogi, 108 Reykjavík.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt með því að smella á „sækja um starf" á heimasíðu www.landspitali.is. Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublöð í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, mannauðssviði, Eiríksgötu 5,. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

---

Íslandsbanki

# SAP! ABAP! FI/CO! .Net/Python!

## Snillingar óskast í Hugbúnaðardeild Íslandsbanka

Íslandsbanki er framsækið fjármálafyrirtæki sem leitast ávallt við að vera í fararbroddi með lausnir á sviði upplýsingatækni. Hugbúnaðardeild  er skipuð metnaðarfullu fólki sem sér um þróun á hugbúnaðarlausnum bankans.

Í boði eru fjölbreytt og spennandi verkefni í kraftmiklu og lifandi starfsumhverfi. Leitað er að einstaklingum sem geta axlað ábyrgð og tekist á við krefjandi verkefni í öflugum og skemmtilegum hópi, þar sem frumkvæði og samstaða er í fyrirrúmi.

Við leggjum áherslu á símenntun starfsfólks og að búa því sem bestar aðstæður til að vinna að verkefnum sínum.

### SAP forritari – ABAP

Helstu verkefni:

- Hugbúnaðarþróun
- Forritun í SAP viðskiptaumhverfi, ABAP
- Innleiðing

### SAP ráðgjafi í fjárhagslausnum – FI/CO

Helstu verkefni:

- Greining á þörfum bankans og ráðgjöf
- Hönnun
- Innleiðing og uppsetning á fjárhagskerfum SAP

Nánari upplýsingar veitir Sveinn Muller, sími 844 4240, sveinn.muller@islandsbanki.is.

### .Net/Python forritari

Helstu verkefni:

- Greining, þróun og innleiðing á hugbúnaði
- Fjölbreytt forritunarverkefni

Nánari upplýsingar veitir Bjarki Snær Bragason, sími 844 4258, bjarki.snaer.bragason@islandsbanki.is.

### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði, verkfræði, kerfisfræði eða viðskiptafræði
- Reynsla í  SAP umhverfi – fyrir SAP forritara og ráðgjafa
- Reynsla af forritun í Python æskileg – fyrir .Net Python forritara
- Frumkvæði, metnaður og skipulagshæfni
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Öguð vinnubrögð til að fylgja eftir langtímaverkefnum
- Reynsla af hópvinnu

Umsóknir óskast fylltar út á www.islandsbanki.is og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá fyrir 25. apríl næstkomandi. Tengiliður á mannauðssviði er Sigrún Ólafsdóttir, sigrun.olafs@islandsbanki.is, sími 440 4172.

---



# Þjónustufulltrúi - tímabundin ráðning

ATLANTSOLIA

**565713**

Atlantsolía óskar eftir að ráða þjónustufulltrúa til starfa. Í starfinu felst símsvörun, úrlausn fyrirspurna og almenn þjónusta við viðskiptavini ásamt tilfallandi verkefnum.

Leitað er að jákvæðum einstaklingi sem hefur áhuga á og reynslu af sambærilegu starfi, er sjálfstæður, þjónustulipur, með góða almenna tölvukunnáttu og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 9:00-17:00.

Einungis reyklausir einstaklingar eldri en 25 ára koma til greina. Viðkomandi þarf að hefja störf í byrjun júní.

UPPLÝSINGAR EINGÖNGU VEITTAR HJÁ VINNA.IS

vinna.is
S: 511 1144

---

Capacent Ráðningar

# VÉLFRÆÐINGUR AKUREYRI

NORÐURORKA NÝTT AFL

Norðurorka hf. framleiðir og selur heitt vatn og er dreifiveitusvæðið allur Eyjafjörður nema Dalvíkurbyggð. Þá rekur fyrirtækið vatnsveitu á Akureyri og í þremur öðrum sveitarfélögum við Eyjafjörð og annast raforkudreifingu á Akureyri. Norðurorka hf. starfar samkv. vottuðu gæðakerfi ISO 9001 og er DMM viðhaldsstjórnunarkerfi hluti af því kerfi.

**Norðurorka hf. óskar eftir að ráða öflugan liðsmann í kerfisstjórn. Kerfisstjórn er hluti af framkvæmdadeild fyrirtækisins.**

**Starfssvið**
- Daglegur rekstur vinnslusvæða og aðveitukerfa hita- og vatnsveitu
- Vinnslueftirlit hitaveitu
- Eftirlit með dreifikerfum hita-, raf- og vatnsveitu
- Umsjón varaaflstöðva til rafmagnsframleiðslu
- Rekstur Glerárvirkjunar
- Faglegur rekstur virkjana Fallorku samkvæmt Samningi við Fallorku ehf.
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- 4. stig vélstjórnar
- Sveinspróf í viðurkenndri málmiðnaðargrein
- Rafvirkjamenntun er kostur
- Starfsreynsla af störfum vélfræðings skilyrði
- Góð almenn tölvukunnátta
- Reynsla af vinnu með viðhaldsstjórnunarkerfi
- Geta til að vinna sjálfstætt
- Jákvæðni og góð samskiptafærni

Umsjón með ráðningunni hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 2. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Glerárgötu 36
Sími 540 1000

capacent

---

Capacent Ráðningar

# VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

**Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.**
**Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is**

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð.
Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# FRAMKVÆMDASTJÓRI

Samtök álfyrirtækja eru hagsmunasamtök álfyrirtækja á Íslandi. Samtökin tilheyra Samtökum iðnaðarins en framkvæmdstjóri heyrir beint undir stjórn Samtaka álfyrirtækja. Markmið samtakanna er að vinna að hagsmunum og framþróun íslensk áliðnaðar og að efla upplýsingastreymi og fræðslu um iðnaðinn gagnvart almenningi.

**Samtök álfyrirtækja leitar eftir framkvæmdastjóra í ný stofnuð samtök álfyrirtækja á Íslandi. Viðkomandi verður fyrsti starfsmaður samtakanna og verður einn af leiðandi aðilum í mótun á starfsumhverfis álfyrirtækja.**

**Verkssvið framkvæmdastjóra Samáls er:**
- Vinna að framþróun íslensks áliðnaðar
- Að fræða og efla upplýsingastreymi um áliðnaðinn
- Að taka þátt í framþóun, fræðslu, umhverfis- og öryggimála í áliðnaðinum
- Að taka þátt í að móta starfsumhverfi aðildarfélaga
- Að eiga samskipti við stjórnvöld og opinbera aðila innanlands sem utan
- Eiga samskipti við alþjóðleg samtök álframleiðenda

**Leitum að einstaklingi sem hefur:**
- Stefnumótandi hugsun
- Mjög góða samskiptahæfileika
- Frumkvæði og sjálfstæði

**Menntunar- og reynslukröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stefnumótun og kynningarmálum
- Mjög gott vald á rituðu og mæltu máli bæði íslensku og ensku
- Góður skilningur á efnahagsmálum og rekstri fyrirtækja

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 25. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent




Capacent Ráðningar

# VILTU SLÁST Í HÓPINN?

capacent

Meginhlutverk Capacent er að vinna að stöðugum framförum viðskiptavina. Okkar markmið er að vera fyrsti valkostur fyrir kröfuharða viðskiptavini og metnaðarfullt starfsfólk. Starfsemi Capacent er á þremur meginsviðum; rannsóknum, ráðgjöf, og ráðningum. Hjá félaginu starfar hópur metnaðarfullra sérfræðinga í hvetjandi og ögrandi starfsumhverfi. Gildi Capacent eru heilindi, liðsandi og metnaður.

**Capacent leitar að hugmyndaríkum, öflugum og metnaðarfullum einstaklingum til starfa á ráðgjafasviði. Viðskiptavinir Capacent eru opinberir aðilar og flest öflugustu fyrirtæki landsins.**

## REKSTRARRÁÐGJAFI

Capacent leitar að rekstrarráðgjafa sem býr yfir metnaði og drifkrafti jafnt við öflun sem úrlausn verkefna. Hann þarf að vera hugmyndaríkur, búa yfir leiðtogahæfni og eiga auðvelt með að greina kjarnann frá hisminu. Ráðgjafi verður að geta unnið sjálfstætt að flóknum úrlausnarmálum jafnt sem í hópi ráðgjafa og lagað sig að ólíkum aðstæðum og áskorunum. Jákvætt hugarfar, sveigjanleiki og bjartsýni eru lykileiginleikar til að njóta sín í starfi.

**Helstu verkefni eru:**
Ráðgjafinn mun takast á við fjölbreytt og margþætt verkefni er tengjast rekstri, ferlum, áætlanagerð og fjármálum. Sem dæmi má nefna greiningu viðskiptaferla, veltufjárstýringu og umbætur í rekstri. Framundan eru margvísleg verkefni á sviði rekstrarráðgjafar og mun viðkomandi taka virkan þátt í áframhaldandi mótun og þróun lausna á þessu sviði.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
Gerð er krafa um viðeigandi háskólamenntun t.d. á sviði viðskipta- fjármála og/eða verkfræði, ásamt stjórnunar- og rekstrarreynslu. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af stýringu verkefna og getu til að byggja upp og viðhalda tengslum við viðskiptavini.

## RÁÐGJAFI Á SVIÐI GAGNAGRUNNA

Capacent leitar að snjöllum og metnaðarfullum einstaklingi á sviði gagnagrunna og forritunar. Viðkomandi þarf að búa yfir hæfni í hönnun og smíði gagnagrunnslausna og stjórnendaupplýsinga, hafa gott auga fyrir skapandi lausnum og hafa áhuga og getu til að takast á við ögrandi verkefni í krefjandi umhverfi.

**Helstu verkefni eru:**
Verkefni er snúa að hönnun og smíði gagnavöruhúsa, stjórnendaupplýsinga og þróun nýrra lausna. Starfið reynir einnig á samskipti við viðskiptavini og samvinnu við þá um þróun lausnanna.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
Gerð er krafa um viðeigandi háskólamenntun t.d. á sviði raungreina, tækni eða viðskipta.

Umsjón með störfunum hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 25. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

# Fjármálastjóri

**Þekkt og öflugt fyrirtæki í Reykjavík óskar að ráða fjármálastjóra.**

**Ábyrgðar- og starfssvið:**
- Daglegur rekstur skrifstofu
- Fjárhagsáætlun
- Fjármögnun
- Uppgjör til endurskoðanda
- Samningagerð
- Starfsmannamál

**Hæfnis- og menntunarkröfur:**
- Háskólapróf í viðskiptafræði
- Stjórnunarreynsla
- Góð reynsla af uppgjörum
- Góð tölvuþekking (Excel, Dynamics Ax)
- Færni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar

**Nánari upplýsingar veitir:**
Katrín S. Óladóttir.

**Umsóknarfrestur er til og með 24. apríl nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

FOSSBERG

# Sölumaður

Óskum eftir að ráða sölumann í fullt starf í verslun okkar að Dugguvogi 6, Rvík. Um framtíðarstarf er að ræða. Ráðið verður í starfið frá 1. eða 15. maí. Æskilegt er að viðkomndi hafi reynslu af svipuðu starfi ásamt iðnmenntun eða reynslu úr málmiðnaði.

**Nánari upplýsingar um vörur og starfsemi Fossberg ehf. má finna á fossberg.is Umsóknarfrestur er til 21. apríl. Áhugasamir sendi umsókn á netfang: fossberg@fossberg.is**

ERGO LÖGMENN

ERGO lögmenn er traust og framsækin lögmannsstofa með starfsstöð í Turninum við Smáratorg í Kópavogi. Markmið ERGO lögmanna er að veita viðskiptavinum sínum faglega og persónulega þjónustu á öllum sviðum lögfræðinnar, hvort sem um er að ræða fyrirtæki, opinberar stofnanir, sveitarfélög, banka eða einstaklinga, hér á landi sem og erlendis.

# Skrifstofu- og bókhaldsstarf

**Ábyrgðar- og starfssvið:**
- Færsla og umsjón bókhalds
- Umsjón með fjármálum
- Innheimta
- Önnur tilfallandi verkefni á skrifstofu

**Hæfnis- og menntunarkröfur:**
- Góð reynsla af bókhaldsstörfum
- Menntun sem viðurkenndur bókari æskileg
- Reynsla af innheimtu æskileg
- Þekking á DK og/eða Navision
- Nákvæm og öguð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar

**Nánari upplýsingar veita:**
Inga Steinunn Arnardóttir, inga@hagvangur.is og Kristín Guðmundsdóttir, kristin@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 25. apríl nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

## ÁHUGAVERT STARF HJÁ NORÐURÁLI Í HELGUVÍK



# Deildarstjóri kostnaðarbókhalds

Við leitum að hæfum einstaklingi til að hafa umsjón með kostnaðarbókhaldi vegna byggingar álvers í Helguvík. Starfið felur í sér ábyrgð á kostnaðarbókhaldi verkefnisins, skýrslugerð um stöðu kostnaðar í verkefninu, sjóðstreymisáætlanir, kostnaðargreiningar og spár um kostnaðarþróun.

**STARFSSVIÐ**
- Uppbygging og umsjón með kostnaðarbókhaldi verkefnisins
- Ábyrgð á samþykktarferli reikninga
- Gerð kostnaðarskýrslna og greininga fyrir verkefnið
- Virkur þátttakandi í stjórnunarteymi verkefnisins
- Önnur tilfallandi verkefni fyrir stjórnendur Norðuráls

**HVAÐA KRÖFUR GERUM VIÐ?**
- Cand.Oecon eða BSc próf í viðskiptafræðum með áherslu á reikningshald
- Mjög góð enskukunnátta
- Reynsla af bókhaldsstörfum
- Reynsla af SAP æskileg
- Námkvæmni, frumkvæði og sjálfstæði

**HVAÐ VEITUM VIÐ?**
- Við bjóðum þér áhugavert og vel launað starf hjá nútímalegu fyrirtæki
- Þú vinnur fjölbreytt verk og við tökum vel á móti þér
- Atvinnuöryggi
- Þjálfun og símenntun

**Jafnrétti** - Við leggjum áherslu á jafna möguleika karla og kvenna til starfa hjá Norðuráli.
**Trúnaður** - Farið verður með umsókn þína og allar persónulegar upplýsingar sem trúnaðarmál.
**Hvernig sækir þú um** – Nánari upplýsingar veitir Þórir Þorvarðarson, hjá Hagvangi, í síma 520 4700, thorir@hagvangur.is, Skógarhlíð 12, Reykjavík. Umsóknarfrestur er til og með 26. apríl nk. Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

NORÐURÁL Century ALUMINUM



# Matreiðslumaður

Óskum eftir lærðum matreiðslumanni til starfa. Leitum að duglegum og metnaðarfullum einstaklingi með lifandi áhuga á ítalskri matargerðarlist.

Nánari upplýsingar gefur Leifur Kolbeinsson í síma 898 1046.

LA PRIMAVERA RISTORANTE

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Eðlisfræðingur

**Laust er til umsóknar starf eðlisfræðings á röntgendeild og heilbrigðis- og upplýsingatæknideild Landspítala. Starfshlutfall er 100%.**

### Helstu verkefni og ábyrgð

» Starf á ísótópaeiningu röntgendeildar
» Verkefni á sviði gæðamála og geislavarna á spítalanum
» Þátttaka í kennslu- og vísindavinnu

### Hæfnikröfur

» Háskólapróf í eðlisfræði, eðlisverkfræði eða heilbrigðisverkfræði
» Sérmenntun eða starfsreynsla í læknisfræðilegri eðlisfræði, sérstaklega á sviði ísótóparannsókna er æskileg

### Nánari upplýsingar

» Umsóknarfrestur er til og með 23.05.2010. Sótt er um rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is
» Upplýsingar veita Pétur Hörður Hannesson, yfirlæknir peturh@landspitali.is, sími 824 5322 og Anna Dagný Smith, mannauðsráðgjafi annads@landspitali.is, sími 543 8051.
» Umsókn fylgi ferilskrá, en ráðning í starfið byggir á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur.
» Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast til Péturs Harðar Hannessonar, yfirlæknis, röntgendeild E-3 Fossvogi.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt með því að smella á „sækja um starf" á heimasíðu www.landspitali.is. Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublöð í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, mannauðssviði, Eiríksgötu 5,. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður**



# Afgreiðslufólk og framreiðslunemar

**Nú er tækifærið!** Veitingahús Perlunnar leitar að afgreiðslufólki í minjagripaverslun, framreiðslunemum og aðstoðarfólki í sal.

Vilt þú læra listina að framreiða með margverðlaunuðum meisturum?

Vaktavinna

**Sendið umsóknir til perlan@perlan.is.**

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 3700 manns í fimm heimsálfum, þar af um 350 á Íslandi.

Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mötuneyti, barnaherbergi, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.

# Við leitum **að hugviti**

Marel leitar að öflugum einstaklingum til að sinna krefjandi og fjölbreytilegum verkefnum á alþjóðlegum vinnustað. Störfin eru á Íslandi en unnið er náið með starfsstöðvum Marel um allan heim. Umsækjendur þurfa að eiga auðvelt með að aðlagast breytingum, geta haft farsæl samskipti við einstaklinga í ólíkum menningarheimum og unnið vel í teymi. Einnig að búa yfir góðri enskukunnáttu og geta ferðast vegna starfsins.

## Forritari

INNOVA hugbúnaður Marel er einn öflugasti kerfishugbúnaður sem notaður er við framleiðslueftirlit og framleiðslustýringu í matvælaiðnaði og er í notkun í helstu matvælafyrirtækjum um allan heim.

**Þú munt:**

- vinna í afburða teymi forritara og hugbúnaðarráðgjafa í Innova
- taka þátt í innleiðingu á Agile/SCRUM teymisvinnu
- takast á við framtíðarstarf í ört vaxandi alþjóðlegri hugbúnaðarstarfsemi

**Þú þarft:**

- að hafa menntun í kerfisfræði, tölvunarfræði og/eða verkfræði
- að hafa reynslu í forritun og hugbúnaðargerð með Visual Studio, C# og MS SQL Server
- að hafa brennandi áhuga á tæknilegum hugbúnaðarverkefnum

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ásgeir Ásgeirsson, asgeir.asgeirsson@marel.com, í síma 563 8000.

## Vélahönnuður

Starfið felur í sér þróun á nýjum vörum sem og viðhaldi og endurhönnun núverandi tækja og lausna. Við vélahönnun hjá Marel starfa yfir 40 verk- og tæknifræðingar hér á landi og í Danmörku.

**Þú munt:**

- vinna í afar spennandi alþjóðlegu umhverfi
- vinna með öflugum sérfræðingum í faginu með vönduð vinnubrögð í fyrirrúmi
- hanna í SolidWorks

**Þú þarft:**

- að hafa menntun á sviði vélaverkfræði eða véltæknifræði
- að hafa reynslu af 3D teikniforritum og hönnun

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristján Hallvarðsson, kristjan.hallvardsson@marel.com, í síma 563 8000.

*Umsóknarfrestur er til og með 27. apríl nk. Vinsamlegast sækið um störfin á heimasíðu Marel,* **www.marel.com/jobs**

www.marel.com marel

www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

# DOKTORSNÁM VIÐ LAGADEILD HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

**Lagadeild Háskólans í Reykjavík hefur að undangengnu gæðamati erlendrar sérfræðinganefndar fengið heimild menntamálaráðuneytisins til að bjóða doktorsnám í lögum (PhD).**

Með doktorsnámi við lagadeild Háskólans í Reykjavík er stefnt að því að þjálfa doktorsnema til rannsóknar- og kennslustarfa og annarra starfa sem krefjast mikillar vísindalegrar þjálfunar og þekkingar. Náminu er ætlað að dýpka fræðilega og aðferðafræðilega þekkingu doktorsnema í því skyni að gera þá hæfa til að vinna sjálfstætt og ígrundað á fræðasviðinu. Til að uppfylla kröfur til að öðlast doktorsgráðu frá lagadeild Háskólans í Reykjavík skal doktorsnemi, undir leiðsögn doktorsmenntaðs leiðbeinanda, hafa unnið vísindalegar rannsóknir sem fela í sér sjálfstætt framlag til þekkingarsköpunar á sviði lögfræði. Doktorsgráðu skal því aðeins veita að doktorsnemi hafi unnið sjálfstæðar frumlegar rannsóknir sem hafi nægjanlegt nýnæmi og vísindalegt gildi og séu af nægu umfangi til þess að verðskulda gráðuna.

Doktorsnám við lagadeild Háskólans í Reykjavík er fullt þriggja ára nám og svarar til 180 staðlaðra námseininga (ECTS). Doktorsnemi skal dvelja við erlenda háskólastofnun í allt að 6 mánuði af námstímanum.

**AUGLÝST ER EFTIR TVEIMUR DOKTORSNEMUM Á EINHVERJU EFTIRTALINNA SVIÐA:**
Stjórnskipunarréttar, þjóðaréttar og mannréttinda; réttarsögu og stjórnskipunarsögu; bótaréttar og vátryggingaréttar og heilbrigðisréttar. Umsækjendur þurfa að hafa lokið meistaranámi í lögfræði eða skyldum greinum og hafa sýnt afburðaárangur í námi og/eða starfi og vera líklegir til að geta tekið frumkvæði í þekkingarsköpun á sviði vísinda eða atvinnulífs.

Umsóknum skal skilað á rafrænu formi á **www.hr.is** til skrifstofu lagadeildar fyrir **15. maí 2010**.
Með umsókn skulu fylgja afrit af prófskírteinum, feril- og ritaskrá ásamt drögum að rannsóknaráætlun.

Nánari upplýsingar um doktorsnámið er að finna á slóðinni **www.hr.is/deildir/lagadeild/doktorsnam**.
Einnig veitir skrifstofa lagadeildar frekari upplýsingar í síma 599 6407.

Við lagadeild HR eru um 400 nemendur og 15 fastir akademískir starfsmenn. Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði. Akademískar deildir skólans eru fimm: Kennslufræði- og lýðheilsudeild, lagadeild, tölvunarfræðideild, tækni- og verkfræðideild og viðskiptadeild. Nemendur eru um 3000 og starfsmenn skólans eru yfir 500 í 270 stöðugildum.

**www.hr.is**

## 30 - 60% starf í boði
**hjá barnabókaútgáfunni Ungu ástinni minni.**

Unga ástin mín

Barnabókaútgáfan Unga ástin mín ehf. óskar eftir að ráða starfsmann í hlutastarf við dreifingu og umsjón barnabóka. Um er að ræða 30-60 % starfshlutfall sem er breytilegt eftir mánuðum og verkefnum.

**Helstu verkefni:**
- Taka til pantanir af lager og keyra þær í verslanir á höfuðborgarsvæðinu
- Aka á milli verslana og annast umsjón með stöndum fyrir bækur útgáfunnar í verslunum.
- Vera andlit fyrirtækisins út á við og staðgengill framkvæmdastjóra.
- Fjölmörg önnur tilfallandi verkefni.

**Hæfniskröfur:**
- Við leitum að vel skipulögðum, ábyrgðarfullum og brosmildum einstaklingi sem getur sýnt frumkvæði og hefur lokið að minnsta kosti stúdentsprófi með góðum árangri.
- Viðkomandi verður að vera líkamlega vel á sig kominn, reyklaus og geta hafið störf um miðjan júní nk.

**Vinsamlegast kynnið ykkur starfið nánar á www.ungaastinmin.is**

**Menntaskólinn að Laugarvatni**

## Efnafræðikennari
**við Menntaskólann að Laugarvatni**

Það er laus til umsóknar ein staða framhaldsskólakennara í efnafræði við Menntaskólann að Laugarvatni.

**Leitað er eftir starfsmanni sem:**
- er sérmenntaður í efnafræði, eða hefur sambærilegt nám að baki.
- hefur kennsluréttindi á framhaldsskólastigi.
- býr yfir góðri hæfni í mannlegum samskiptum og faglegum metnaði.
- er tilbúinn að takast á við krefjandi, faglegt starf á breytingatímum.
- er jákvæður, frjór í hugsun og samstarfsfús.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi KÍ og fjármálaráðherra og stofnanasamningi skólans.

Umsóknarfrestur er til og með 3. maí, 2010 og skulu umsóknir hafa borist skólameistara fyrir þann tíma. Þeir sem hafa sótt um á grundvelli fyrri auglýsingar á starfatorg.is eru beðnir um að endurnýja umsóknir sínar.

Ráðningartími er frá og með 1. ágúst 2010.
Ekki þarf að sækja um á sérstökum eyðublöðum. Ítarleg umsókn með staðfestum ljósritum af prófskírteinum og starfsferli, ásamt meðmælum, skal senda til skólameistara Menntaskólans að Laugarvatni, 840 Laugarvatn. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.

Upplýsingar um starfið, starfskjör og húsnæði veitir Halldór Páll Halldórsson skólameistari, í símum 486-1156 og 861-5110. Vefsíða skólans er http://www.ml.is.

Menntaskólinn að Laugarvatni í Bláskógabyggð starfar eftir bekkjakerfi með tveim námsbrautum, félagsfræðabraut og náttúrufræðabraut. Nemendafjöldi er á bilinu 150-160. Við skólann starfa 16 kennarar og 16 aðrir starfsmenn. Það er afar góður starfsandi og starfsmenn eru samtaka um að skapa ramma um öflugt og jákvætt skólastarf auk þess að mynda skemmtilega faglega og félagslega heild. Raungreinastofur í skólanum eru sérlega vel útbúnar.
Nú er unnið að endurskipulagningu skólastarfsins í samræmi við ný lög um framhaldsskóla og að þeirri vinnu koma allir starfsmenn með einhverjum hætti. Starfmenn skólans geta borðað í mötuneyti skólans á góðum kjörum auk þess sem þeir hafa ókeypis aðgang að líkamsræktaraðstöðu í íþróttamiðstöðinni á staðnum. Laugarvatn er sannkallað skólaþorp, en þar eru, auk menntaskólans, leikskóli, grunnskóli og Íþróttafræðasetur HÍ.

## ERT ÞÚ Á SKRÁ?

**Skráning á www.vinna.is er umsækjendum að kostnaðarlausu!**

vinna.is
sími: 511 1144

# Verslunarstjóri óskast!

Verslunarstjóri óskast í Eymundsson og Pennann á Ísafirði. Í starfinu felst dagleg stjórnun og ábyrgð á rekstri.

**Hæfnis- og menntunarkröfur:**
- Háskólapróf er kostur en ekki skilyrði
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Góð þekking á verslunarrekstri
- Frumkvæði og leiðtogahæfni
- Sjálfstæði og sveigjanleiki
- Þjónustulund og fagleg framkoma
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

**Starfssvið:**
- Dagleg stjórnun verslunar
- Ábyrgð á rekstri og afkomu
- Þáttaka í fjárhags- og söluáætlanagerð sem og eftirfylgni
- Umsjón með starfsmannamálum
- Innkaup og framsetning á vörum
- Þátttaka í vinnu við þróun á verslunarstarfi fyrirtækisins

**Lykileiginleikar starfsmanna Eymundsson:**
- Skipulagni og nákvæmni
- Öguð vinnubrögð
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum

*Eymundsson er hin sígilda íslenska bókabúð, með verslanir um land allt. Við bjóðum uppá afbragðsgott úrval af bókum, tímaritum og öðru lesefni á íslensku og erlendum tungumálum. Í verslunum Eymundsson er þægilegt andrúmsloft og fjölþætt þjónusta og reynslumikið starfsfólk sem veitir upplýsingar um og afgreiðir námsbækur og vörur fyrir öll skólastig, allt sem þarf til tækisfærisgjafa, ferðavörur, spil og skákvörur, tónlist, minjagripi, leikföng og föndurvörur. Starfsmenn eru rúmlega 200 talsins.*

Umsóknarfrestur er til 29. apríl og umsóknir skulu berast á atvinna@penninn.is. Nánari upplýsingar veitir Guðríður Sigurðardóttir starfsmannastjóri, gurry@penninn.is.

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

## Sölumaður - leigumiðlari

Fasteignamarkaðurinn ehf. auglýsir eftir starfsmanni sem hefur víðtæka reynslu af sölu- og leigumiðlun fasteigna, bæði íbúðar - og atvinnuhúsnæðis. Æskilegt væri að viðkomandi hefði löggildingu til starfans.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf umsækjenda sendist á netfangið: „gtj@fastmark.is“ fyrir 24. apríl nk.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál

**FASTEIGNA-MARKAÐURINN**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## STÖRF Í BOÐI

Við leitum að fólki sem býr yfir eftirfarandi eiginleikum

- Brennandi áhuga á þekkingu á tölvum og tækni
- Ríkri þjónustulund og jákvæðni
- Frumkvæði og áræðni
- Sjálfstæðum og öguðum vinnubrögðum
- Reynslu af sambærilegum störfum

Tölvulistinn leitar að öflugu fólki í eftirfarandi stöður:

**Starfsmaður í heildsölu og vörusviði - framtíðarstarf**
Pantanir og innkaup frá bæði erlendum og innlendum birgjum, sölu og ráðgjöf til viðskiptavina, samskipti við endursöluaðila og önnur tilfallandi verkefni. Góð þekking á tölvum og tengdum búnaði er skilyrði ásamt góðri enskukunnáttu.

**Tæknimaður á verkstæði - framtíðarstarf**
Almennar viðgerðir á öllum tegundum tölva og tengdum búnaði. Yfirgripsmikil þekking á tölvum og tækni sem og reynsla af viðgerðum er skilyrði. Frágangur á vinnulýsingum og samskipti við endursöluaðila krefst góðar íslenskukunnáttu.

**TÖLVULISTINN** TL.IS www.tolvulistinn.is

Umsóknir ásamt ferilskrá með mynd skulu sendast á starf@tolvulistinn.is
Tekið skal fram hvaða stöðu sótt er um.

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17 S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9 S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4 S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90 S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34 S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66 S: 414 1750

EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

## LÖGFRÆÐINGUR

Í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu er laust til umsóknar starf lögfræðings á skrifstofu fjármálamarkaðar. Undir skrifstofuna heyra m.a. málefni er varða fjármálafyrirtæki, vátryggingar, verðbréfaviðskipti, aðgerðir gegn peningaþvætti, neytendalán, tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta, tryggingasjóð sparisjóðanna, opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og Fjármálaeftirlitið.

Um fullt starf er að ræða og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Um tímabundna ráðningu til allt að 18 mánaða er að ræða. Um laun og önnur starfskjör fer samkvæmt kjarasamningi FHSS og fjármálaráðherra.

Helstu verkefni:
- Þátttaka í stefnumörkun
- Samning lagafrumvarpa og reglugerða
- Samskipti við Alþingi og hagsmunaaðila
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Kandídatspróf eða meistarapróf í lögfræði
- Frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á sviði opinberrar stjórnsýslu og verkefnasviði skrifstofu fjármálamarkaðar æskileg
- Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku
- Góð kunnátta í ensku skilyrði og kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast skriflega til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins, Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík, eigi síðar en 7. maí n.k. Athygli er vakin á því, að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. reglna um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, nr. 464/1996, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Nánari upplýsingar veitir Kjartan Gunnarsson, skrifstofustjóri, í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytinu,
16. apríl 2010

## STARFSMAÐUR Á PRÓFUNARSTOFU

ÖSSUR
*Life Without Limitations®*



Hefur þú brennandi áhuga á að takast á við krefjandi starf hjá einu framsæknasta fyrirtæki landsins?

Össur leitar að, metnaðargjörnum og skipulögðum einstaklingi til starfa á prófunarstofu fyrirtækisins.

Starfið felur í sér afar fjölbreytt verkefni og mikil samskipti við starfsmenn annarra sviða og starfsstöðva víða um heim.

Nýr starfsmaður mun taka þátt í uppbyggingu nýrrar prófunarstofu hjá Össuri.

STARFSSVIÐ
- Þátttaka í prófunum á nýjum vörum og á núverandi vörum fyrirtækisins
- Rekstur og viðhald prófunarbúnaðs
- Undirbúningur prófana og skýrslugerð
- Gæðaskoðun á íhlutum í framleiðslu

HÆFNISKRÖFUR
- Vélfræðingspróf eða sambærileg menntun
- Að lágmarki 10 ára starfsreynsla
- Reynsla af keyrslu prófunar/vélbúnaðar
- Reynsla af viðhaldi prófunar/vélbúnaðar
- Góð almenn tölvukunnátta
- Innsýn í rafmagnshluti er æskileg
- Góð enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsókn ásamt ferilskrá þarf að berast job@ossur.com fyrir 26. apríl næstkomandi. Nánari upplýsingar veitir starfsmannadeild í síma 515 1300.

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja. Hjá félaginu starfa um 1550 manns í 14 löndum. Gildi félagsins eru Heiðarleiki - Hagsýni - Hugrekki.

Össur hf. | Grjóthálsi 5 | 110 Reykjavík | 515 1300 | www.ossur.com

**www.vinna.is**

vinna.is
sími: 511 1144







nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*

# NETTÓ HVERAFOLD

Vegna aukinna umsvifa, leitar Nettó Hverafold að öflugum starfskröftum í eftirtalin störf:

**UMSJÓN MEÐ ÁVÖXTUM OG GRÆNMETI.**
**UMSJÓN MEÐ AFGREIÐSLUKÖSSUM.**

Áhersla er lögð á styrkleika í mannlegum samskiptum, sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni, reglusemi og árverkni í hvívetna.

Umsóknir sendist á hverafold@netto.is.
Allar nánari upplýsingar veitir Bjarki Þór Árnason, verslunarstjóri í síma 895-0616.

Umsóknarfrestur er til og með 25. apríl nk.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

# Forstöðumaður

Sláturfélag Austurlands óskar eftir forstöðumanni fyrir nýja kjötvinnslu á Egilsstöðum.

Starfið er frumkvöðlastarf og snýst um uppbyggingu á nýrri starfsemi í samvinnu við bændur á Austurlandi og Matvælamiðstöð Austurlands.

Fagþekking nauðsynleg.

Nánari upplýsingar veita Þórarinn Egill Sveinsson í s. 899 5553, Guðjón Þorkelsson í s. 858 5044 og Sigurjón Bjarnason í s. 471 1171 og 848 3314.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist með tölvupósti í netfang sau@simnet.is fyrir 26. apríl n.k.

# VERKEFNASTJÓRI VERÐLAGSEFTIRLITS ASÍ

## ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS LEITAR AÐ VERKEFNASTJÓRA Í VERÐLAGSEFTIRLIT

Hlutverk verðlagseftirlits ASÍ er að annast verðkannanir og safna og vinna upplýsingar um neytendamál í því skyni að efla neytendavitund og veita fyrirtækjum og stofnunum aðhald. ASÍ leggur áherslu á að umsækjandi hafi áhuga á neytendamálum, hafi faglegan metnað, sýni frumkvæði og geti starfað sjálfstætt en eigi jafnframt auðvelt með að vinna í teymi, sé fær í mannlegum samskiptum og eigi auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
Umsækjandi þarf að hafa BA/BS próf í viðskipta- og/eða hagfræði eða annað háskólapróf sem gagnast við gerð verðkannana og rannsókna á verðlagsmálum. Umsækjandi þarf að hafa gott vald á ensku og einu Norðurlandamáli. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsókn ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist ASÍ, Sætúni 1, 105 Reykjavík, merkt „verðlagseftirlit" fyrir **15. maí 2010**. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Unnið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.
**Nánari upplýsingar um starfið veita Ólafur Darri Andrason, oda@asi.is og Eyrún Björk Valsdóttir, eyrun@asi.is**

ASÍ
Alþýðusamband Íslands

Alþýðusamband Íslands er stærsta fjöldahreyfing launafólks á landinu. Um tveir þriðju hlutar launamanna í skipulögðum samtökum á Íslandi eru í ASÍ. Alþýðusambandið berst fyrir bættum kjörum félagsmanna sinna og stendur vörð um réttindi þeirra.

FISKISTOFA
DIRECTORATE OF FISHERIES

# Skjalastjóri

Ert þú með háskólamenntun á sviði bókasafns- og upplýsingafræði? Ertu metnaðarfullur, drífandi og nákvæmur einstaklingur með góða samskiptahæfileika? Ef svo er þá áttu kannski samleið með okkur á Fiskistofu því við viljum ráða skjalastjóra til starfa á starfsmanna- og gæðasviði stofnunarinnar að Dalshrauni 1 í Hafnarfirði.

Um hlutastarf er að ræða (60-80%) og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en 1. júní næstkomandi. Sjá nánari útlistun á starfinu á starfatorgi.is og fiskistofa.is.

Fiskistofa annast stjórn og eftirlit með veiðum fiskistofna í sjó og fersku vatni og hefur sett sér metnaðarfulla stefnu í rafrænni og gagnsærri stjórnsýslu. Fiskistofa er fjölskylduvænn vinnustaður þar sem þess er gætt að hafa gott samræmi á milli vinnu og einkalífs starfsfólks. Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á vefsíðu hennar www.fiskistofa.is

# Yfirþroskaþjálfi og þroskaþjálfi

*Hæfingarstöðin að Dalvegi í Kópavogi óskar eftir tveimur þroskaþjálfum til starfa.*

**Ábyrgðarsvið:**
- Ábyrgðarsvið samkvæmt starfslýsingu yfirþroskaþjálfa og þroskaþjálfa hjá SMFR með gildisdagsetningu 12.09.2007.

**Hæfniskröfur:**
- Þroskaþjálfamenntun
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þjónustulund og jákvæðni í starfi

**Í boði er:**
- Spennandi og lærdómsrík störf
- Öflugur stuðningur í starfi
- Faglegt þróunarstarf á sviði umhverfisverndar

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningum fjármálaráðherra og ÞÍ. Nánari upplýsingar um starfið veitir Hrönn Harðardóttir sviðsstjóri starfsmannasviðs á skrifstofutíma í síma 525-0900. Karlmenn jafnt sem konur eru hvött til að sækja um. Reyklaus vinnustaður. Umsóknarfrestur er til 3. maí 2010.

*Svæðisskrifstofa Reykjaness sem staðsett er á stórhöfuðborgarsvæðinu er áhugaverður vinnustaður sem sinnir fjölbreyttri þjónustu á heimilum fatlaðra, á hæfingarstöðvum, starfsþjálfunarstað og skammtímavistunum.*

smfr
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi

Svæðisskrifstofa Reykjaness // Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði // s: 525 0900 // www.smfr.is

# www.vinna.is

## Skóviðgerðir

Óska eftir að ráða mann við skóviðgerðir. Þarf helst að vera með reynslu eða próf í skóviðgerðum.

Þarf að vera stundvís, reglusamur, geta unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð í starfi.

Umsóknir sendist á skoarinn@simnet.is

## Nýr veitingastaður

Nýr og spennandi íslenskur veitingastaður opnar við höfnina í miðborg Reykjavíkur. Við leitum eftir hressu, skemmtilegu og brosmildu starfsfólki í sal og eldhús, til að móta með okkur metnaðarfullan og heimilislegan veitingastað.

**Eftirfarandi stöður eru lausar**
**Þjónn/Vaktstjóri í sal**
**Þjónn/aðstoð í sal**
**Matreiðslunemi**
**Aðstoð í eldhús/uppvask**
**Aðstoð í sal/ kvöld og helgar**

Hæfniskröfur: Jákvæðni, reynsla af sambærilegum störfum, vilji til að takast á við krefjandi verkefni, hæfni í mannlegum samskiptum, gott vald á íslensku og ensku, frumkvæði, ósérhlífni og sjálfstæð vinnubrögð

**Nánari upplýsingar veitir Steinn Óskar Sigurðsson matreiðslumaður, netfangið steinns@islandia.is**

FEIMA HÁRSTOFA

## Hársnyrtir óskast

Óskum eftir að ráða meistara eða svein á Hárstofuna Feimu Óðinsgötu 7, Reykjavíkur.

Viðkomandi þarf að búa yfir góðum samskiptahæfileikum, heiðarleika, þjónustulund, stundvísi, drifkrafti og frumkvæði.

